

### **Áskorun varðandi vinnu við Strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði**

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga, að vori haldið á Ísafirði 6. apríl 2022, skorar á svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörum að hafa víðtækt samráð við sveitarstjórnir og íbúa á Vestfjörðum um skipulagið áður en það verður endanlega afgreitt. Þannig verði leitast við að tryggja sem víðtækasta sátt um skipulagið í samfélögum á Vestfjörðum.

Greinargerð:

Í strandsvæðisskipulagi fyrir Vestfirði er að finna grundvallarskilgreiningu á fjölbreyttri nýtingu haf- og strandsvæða á Vestfjörðum og jafnframt hvernig skuli viðhaldið mikilvægum auðlindum hafsvæða á skipulagssvæðinu. Í svo veigamikilli vinnu sem strandsvæðisskipulagið er, þá er nauðsynlegt að það sé unnið í sátt við sveitarstjórnir á skipulagssvæðinu og skipulagið endurspegli þannig vilja heimamanna.

Mikilvægt er að svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulag eigi samtál og víðtækt samráð við sveitarstjórnir og íbúa á skipulagssvæðinu. Svæðisráðið kanni þannig hug heimamanna og fyrirtækja á Vestfjörðum og kanni jafnframt áhrif skipulagsins á samfélögin til framtíðar. Tilgangur samráðs er m.a. að skoða hvort og þá hvernig afmarkanir skipulagsins dragi úr möguleikum samfélagsins til að njóta eða nýta haf- og strandsvæðin til að stuðla að sjálfbærri þróun svæðanna. Mikilvægt er að skipulagið sé sveigjanlegt gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, stuðli að bættum lífsgæðum og styðji við samkeppnishæfni svæðisins. Þetta eru allt mikilvæg atriði sem mikilvægt er að rannsaka áður en skipulagið fær endanlega afgreiðslu.